

Sjö myndir

úr

ve... rarsögu Íslands.

...s. Den

Nath... Olsen  
Reykjavík.




# Sjón er sögu ríkari

- Um prentmyndasmíði á Íslandi

Höggvar árin 1917-1919

Gudmundi Einarssyni,  
frá Miðdal.



Rosningubardaginn í Reykjavík 28. janúar 1922. Svona fór hann

**Sagan**

Audvaldsstinnar og Þyrlinga  
men þá orastu inn framídar  
lendi - yfirvæð - og heita a mugi  
inn til fýsdr sér - Annarskvæmum  
þyrlingum og haldleysinga -  
Fransóttarmenn klofudu og  
fóludu höfum - með Þyrlingum -

**AUDVALD**

**ÍHALD**

**H.F. REINN**



Opna úr sýnisbók frá Prentmyndagerð Ólafs Hvanndal. Hér má sjá afþrykk af myndamótum sem voru unnin í Prentmyndagerð hans árin 1923–1925.

Í sýnisbókum prentmyndagerðarinnar má sjá myndir sem birtust í bókum, tímaritum og dagblöðum. Þar má t.d. sjá forsiður á tímaritum og blaðhousa dagblaða, skjöl af ólíkum toga, auglýsingamiða og ýmiskonar merkimiða frá iðnaðarframleiðslu t.d. gosdrykkjagerð, efnagerð, niðursuðu og verslun.

Þau aldahvörf sem prentlistin, tæknileg fjöldaframleiðsla ritaðs máls, olli á sviði bókmenntanna er öllum kunn. Upphaf prentlistar í Evrópu sem kennd er við Johannes Gutenberg var afar mikilvæg en þó aðeins einn þáttur þeirra miklu breytinga sem áttu eftir að gerast þegar fram liðu stundir. Á tíma Gutenberg varð tréristan efniviður prentlistarmanna en með henni var fyrst hægt að fjölfalda grafík, myndir og ritað mál. Ekki svo löngu síðar bætast koparstunga og æting við tréstunguna og síðan steinþrykkið undir lok 19. aldar. Vélvæðingin og uppfinning ljósmyndataækninnar markar hins vegar upphaf hinnar tæknilegu fjölföldunar mynda sem átti eftir að hafa svo djúpstæð áhrif þegar líða tók á 20. öld. Í raun hefur alltaf verið hægt að fjölfalda myndir en á afar takmarkaðan hátt. Menn hafa ætíð getað líkt eftir annarra manna verkum. Slíkar eftirlíkingar gerðu til að mynda listnemar til þess að æfa sig, meistarar til að útbreiða verk sín og enn aðrir til að græða á þeim. Fyrir og um aldamótin 1900 var tæknileg fjölföldun mynda með ljósmyndataækni hinsvegar eitthvað nýtt. Ljósmyndin leysir höndina af hólmi og við tekur augað sem horfir inn í myndavélina. Ekki leið á löngu þar til hægt var að yfirfæra myndina á prentplötu sem reyndar var ekki einfalt. Þetta voru ekkert annað en galdrar í hugum þeirra sem upplifðu þessa byltingu. Einn af þeim var Ólafur Jónsson Hvanndal. Haft var eftir honum: „Það er mér fyrir barnsminni hve mikla undrun mína þær myndir vöktu, er ég af og til sá í blöðum og bókum þegar ég var barn. Ég velti því fyrir mér, án þess að fá nokkra skýringu á því, hvernig hægt væri að láta sömu myndina koma í óteljandi eintökum. Þá átti ég heima uppi í sveit. Þar var enga skýringu að fá á þessu fyrirbæri tækninnar.“



Sjón er sögu ríkari – sýning á aðferðum við gerð prentmyndmóta er til-einkuð Ólafi Hvanndal, prentmyndasmið, en síðastliðið haust voru liðin 100 ár frá því að fyrirtæki hans Prentmyndagerðin tók til starfa á loftinu í Þingholtsstræti 6 og 70 ár síðan hann afhenti Landsbókasafninu afbrykk af öllum myndamótum sínum. Ólafur var frumkvöðull breytinga í fjölmiðlun á Íslandi sem í baksýnispeglinum eru ekkert síður mikilvægar en upphaf prentlistar á Íslandi með notkun lausaletursins. Sýningin er hluti af rannsóknarverkefni, Sjónarfur í samhengi, þar sem sjónum er beint að notkun myndmáls í prentsögu Íslands frá 1844–1944. Verkefnið er stutt af rannsóknarsjóði Rannís og er samstarf Listaháskóla Íslands, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Hönnunarsafns Íslands.

*Goddur*



Stór og flókin tækjabúnaður fylgdi prentmyndagerðinni og var hann bæði dýr og krafðist aðgengis að nýjustu tækni þessa tíma eins og rafmagn, eðalmálmum og ýmsum sýrutegundum sem erfitt gat verið að fá hérlendis. Til þess að búa til prenthæfa mynd fyrir blýprentun (letterpress) þurfti sérstaka myndavél sem gerð var sérstaklega til verksins. Myndavélin er gríðarstór og var hún tæknilegur grunnur að allri prentmyndamótagerð þessa tíma. Hér stendur Ingimundur Eyjólfsson [1910–1968], einn af fyrstu prentmyndasmiðum sem lærðu fagið hér á landi, fyrir framan ljósmyndavél sem notuð var í Prentmyndagerð Ólafs Hvanndal árið 1939. Myndavélin er í dag varðveitt í Þjóðminjasafni Íslands.

# Prentmyndasmíði á Íslandi

Prentmyndagerð hófst í raun ekki hérlendis fyrr en seint á öðrum áratug 20. aldar, með stofnun Prentmyndagerðar Ólafs Hvanndal. Prentmyndagerð á þeim tíma var tæknilega flókin og krafðist kunnáttu í efnafræði, ljósfræði, grafískri ljósmyndun og þekkingu á málmum og eðli þeirra.

Í grafískri ljósmyndun eru engir gráir millitónar prentaðir – allt þarf að vera svart eða hvítt. Til þess að ná fram grátónum er augað blekkt með því að prenta örsmáa svarta punkta með mismunandi miklu hvítu svæði á milli, þannig nær prentmyndin fram gráum tónum. Það er þetta punktaset sem kallað er rasti. Í dag eru ekki gerð myndamót nema þess sé sérstaklega óskað eins og til þess að gera upphleypt letur eða teikningar í bækur.



## Krónuseðill hinn fyrri frá 1920

Krónuseðillinn var teiknaður af Ólafi J. Hvanndal og eins gerði hann myndamótið af seðlinum, en seðillinn var prentaður í prentsmiðjunni Gutenberg. Ólafur var liðtækur teiknari og lærði teikningu bæði hjá Stefáni Eiríkssyni myndskera [1863–1924] í skóla hans að Grjótagötu 4 og síðar samhliða námi sínu í myndamótagerð í Kaupmannahöfn.

Krónuseðillinn er úr fyrri seðlaröð Ríkissjóðs Íslands sem fór í umferð 21. október 1920. Seðillinn er einn af örfáum íslenskum peningaseðlum sem bæði er hannaður og prentaður hérlendis.



# Prentmyndagerð Ólafs Hvanndal

Prentmyndagerð sína stofnaði Ólafur J. Hvanndal [1879–1954] í Reykjavík árið 1919, við það varð til ný iðngrein. Prentmyndagerð Ólafs J. Hvanndal var lengi í húsi prentsmiðjunnar Gutenberg í Þingholtsstræti 6, en flutti 1930 í steinhúsið í Mjóstræti 6 og að lokum flutti hún að Laugavegi 1. Fram undir 1940 voru flestallar myndir sem birtust í hérlendum blöðum og bókum gerðar í prentmyndagerð Ólafs.

Í prentmyndagerðinni var þeirri reglu fylgt frá upphafi að taka eitt afþrykk af hverri mynd sem gerð var og það fest inn í stórar spjaldskrár til geymslu. Varð það myndasafn með tímanum dýrmæt heimild um þær prentmyndir sem gerðar voru hér á landi af Ólafi Hvanndal.

Árið 1949 afhenti Ólafur prentmyndasafn sitt Landsbókasafninu og er safnið nú varðveitt í handritasafni.



Ólafur Hvanndal á skrifstofu sinni árið 1939, meðan Prentmyndagerðin var staðsett í húsnæði prentsmiðjunnar Gutenberg. Á veggnum bak við hann er úrval af mannamyndum sem hann hafði gert myndamót af.

Visir, 29. maí 1922.

Býr til allskonar prentmyndir eftirljósmyndum, teikningum með einum eða fleiri litum og skrifuðu eða prentuðu lettri	<b>Ólafur J. Hvanndal</b> Prentmyndasmíðja (Clichéanstalt) Þingholtsstræti 6. Sími 1003.      Telegr.adr. Hvanndal.	Býr til prentmyndir úr eiri og kopar fyrir gyllingu á bækur og fleira. 1. flokks vinna, fljótt og vel afhendi leyst.
<b>Fyrsta og eina prentmyndagerð á Islandi.</b>		

Inarkhond.

a á b d d e i f f g h i i j k k l m n o

ö p p r r s s t u u v x y z þ æ ö (c g)

A B D E E F G H I J K

L M N O P R S T U V

W X Y Z þ æ ö (c g)

Sjötastkrift.

a b c d e f g f i j k l m n o p q

r s t u v w x y z þ æ ö (c g)

A B C D E F G H I J

K L M N O P Q R S T

U V X Y Z þ æ ö (c g)





# Koparstunga

Ekki er að finna mörg dæmi um koparstungu í íslensku prentefni á 18. og 19. öld. Á síðustu síðu bókarinnar *Nýársgjöf handa börnum* sem prentuð er í Kaupmannahöfn 1841 er þrykkt mynd gerð með koparstungu. Myndin er forskrif til skriftarkennslu fyrir börn þar sem sjá má dæmi um tvær ólíkar ritunaraðferðir.

Snarhönd er glæsileg skriftargerð sem á uppruna sinn á Englandi seint á 17. öld. Hún byggist á hringferð þykkra og þunnra lína. Undir lok 19. aldar voru skornar leturgerðir í snarhandarstíl og má þar nefna leturgerðirnar Snell Roundhand og Kuenstler Script.

Fljótaskrift er hinsvegar straumlínulöguð skriftargerð sem þróast út frá þörfinni að ná því að skrifa hratt upp eftir mæltu máli.



Koparmótið er varðveitt í Þjóðminjasafni (Á-1223). Ekki er vitað hver gerði koparmótið en það var líklega gert í Kaupmannahöfn af þarlendum koparstungumeistara.




Steinprentuð mynd af Jóni Sigurðssyni – unnin á verkstæði I. W. Tegner & Kittendorff í Kaupmannahöfn eftir ljósmynd af Jóni. Myndin var prentuð 1888 á kostnað Sigfúsar Eymundssonar og var myndinni dreift víða á íslensk heimili. Þessi mynd var talin af samtímamönnum Jóns ná einna best svipbrigðum hans.

# Steinþrykk


Þróun nútíma prentlistar á upphaf sitt að rekja til steinþrykks (lithografíu) en með þeirri aðferð var hægt að gera gráa millitóna sem ekki var hægt að ná fram með annarri tækni. Prentflöturinn í steinþrykki er flatur sandsteinn sem hefur þá eiginleika að taka vel við vatni og fitu. Prentsvertan festist við fituna en ekki blautan flötinn. Vandamálið við fjölföldun var að illa gekk að vélvæða þessa tækni vegna þess að nota þurfti þykkar steinblokkir sem prentflöt.

Um og uppúr miðri 20. öld fer svokölluð offsetprentun, sem í upphafi var kölluð ljósprentun, að ryðja sér til rúms hér á landi. Offsetprentun byggir á sömu aðferðafræði og steinprent, en í offsetprenti eru notaðar málmþynnur til prentverksins og er þessi aðferð notuð enn þann dag í dag við allt meiri háttar prentverk.



*Stafrófskver handa börnum* samið af Halldóri Kr. Friðrikssyni og Magnúsi Grímssyni. Frummynd teiknuð af Sigurði Guðmundssyni málara – unnin á verkstæði I. W. Tegner & Kittendorff í Kaupmannahöfn 1854.


Afbrykk af myndamóttinu sýnir Sigurð Guðmundsson málara en mótið er eftir Hans Peter Hansen [1829-1899] og birtist fyrst í *Andvara* 1889 og var prentað í Ísafoldarprentsmiðju sem var þá staðsett í Austurstræti í Reykjavík. Myndin var unnin eftir sjálfsmynd Sigurðar. Mótið er varðveitt í Tækniminjasafninu á Seyðisfirði.



# Tréstunga

Það var ekki óalgengt að skera út myndir í tré með skurðarjárnnum og tíðkaðist það allt frá tímum Gutenbergs, ef prentaðar myndir með lesmáli birtust á annað borð. Dæmi um þessa tegund af prentmyndum má finna í fyrstu árgöngum tímaritsins *Andvara* frá 1881 og í *Sunnarfara* frá 1891.

Það var þekktur danskur tréstungumeistari, Hans Peter Hansen [1829–1899], sem vann myndirnar í *Andvara* í Kaupmannahöfn eftir teikningum eða ljósmyndum. Á þeim árum voru flest hérland tímarit prentuð í Kaupmannahöfn. Prentmyndir H. P. Hansen af þekktum íslenskum mönnum voru notaðar ítrekað eftir komu myndamótanna til landsins og má sjá dæmi um notkun þeirra í prentverki langt fram eftir 20. öld.



Myndamót úr tré en afþrykk af mótinu birtist í bókinni *Alþingisstaður hinn forni við Öxará* eftir Sigurð Guðmundsson [1833–1874], en bókin var prentuð í Kaupmannahöfn hjá S.L. Möller árið 1875. Mótið er varðveitt í Tæknimínjasafninu á Seyðisfirði

Í bókinni eru átta prentmyndir úr tré, unnar eftir teikningum Sigurðar og auk þess er á öftustu síðu kort af svæðinu við Öxará. Höfundur myndamótanna er óþekktur en eru þau án efa stungin í tré í Kaupmannahöfn þar sem bókin var prentuð.



**Árni Gíslason [1833–1911]**  
leturgrafari



Í annarri útgáfu af *Friðþjófssögu* frá árinu 1866 birtust tvær teikningar.

Bókin var prentuð hjá Einari Þórðarsyni í prentsmiðju landsins við Aðalstræti, teikningar voru eftir Sigurð Guðmundsson málarar en þær risti Árni Gíslason leturgrafari í tré.

Matthías Jochumsson lýsti Árna svo: „.... signetgrafari beztur á Íslandi (autodidactos) ...“

## Friðþjófssaga

Árið 1849 kom út í Reykjavík fyrsta þýðing Matthíasar Jochumssonar á *Friðþjófssögu*, norrænu söguljóði í 24 kvæðum, eftir sænska skáldið Esaías Tegnér [1782–1846]. *Friðþjófssaga* kom út á sænsku 1825. Bókin, sem var strax þýdd á þýsku og ensku, dreifðist eins og eldur í sinu og varð innblástur fyrir skáld og hugsuði rómantísku stefnunnar. Ástæða vinsælda kvæðanna var m.a. sú að þar er vísað í norræna goðafræði og hinir norrænu guðir kynntir til sögunnar en aðgangur að norrænni goðafræði hafði verið bundinn við þá sem gátu lesið íslensku.



# Sjón er sögu ríkari

## – Um prentmyndasmíði á Íslandi

### Sýning í Þjóðarbókhöfuð á Hönnunarmars 2020

Heimildir:

*Bókagerðarmenn frá upphafi prentlistar á Íslandi : bókbindarar, prentarar, offsetprentarar, prentmyndasmíðir.* Reykjavík : Bókbindarafélag Íslands ; Hið íslenska prentarafélag ; Grafíska sveinafélagið, 1976.

Björn Th. Björnsson. *Íslensk myndlist á 19. og 20. öld : drög að sögulegu yfirliti.* Reykjavík : Helgafell, 1964.

Walter Benjamin. *Listaverkið á tímum fjöldaframleiðslu sinnar : þrjár ritgerðir.* Ritstjóri Hjálmar Sveinsson ; íslensk þýðing Árni Óskarsson og Hjálmar Sveinsson. Reykjavík : Bjartur ; ReykjavíkúAkademían, 2000.

„Prentmyndagerðin 10 ára“, *Tímarit iðnaðarmanna*, 2. tbl. (1. júní 1930), bls. 19–21.

„Prentmyndagerð á Íslandi 20 ára“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 19. nóv. 1939, bls. 366–368.

Björn Andrésón. „Ólafur J. Hvanndal prentmyndameistari“, *Morgunblaðið*, 15. mars 1979, bls. 14–15.

Bolli Gústafsson. „Sögulegt samstarf í listum“, *Morgunblaðið*, 10. nóv. 1985, bls. 22–23 B.

„Ólafur Hvanndal og fleira“, *Prentarinn*, 3. tbl. (1. júní 1993), bls. 22–23.

Val sýningarmuna og ritun sýningartexta:  
Unnar Örn & Guðmundur Oddur Magnússon.

Hönnun sýningarspjalda og sýningarskrár:  
Ólafur J. Engilbertsson.

Að verkefninu unnu:  
Bragi Þorgrímur Ólafsson, Jökull Sævarsson, Ólafur J. Engilbertsson, Rannver Hannesson,  
Örn Hrafnkelsson, Krístrún Daníelsdóttir.

Ljósmyndir:  
Ljósmyndasafn Íslands Þjóðminjasafni/Jón Kaldal á bls. 4 og 6 og mannamyndasafn á bls. 14.  
Ljósmyndun safnmuna Landsbókasafni: Helgi Braga og Jónas Leifsson.

Prentun skrár:  
Litróf ehf.

Prentun sýningar:  
Bræðurnir Baldursson – Tvíbjörn ehf.

Þakkir: Þjóðminjasafn Íslands, Tækniminjasafnið á Seyðisfirði, Hönnunarsafn Íslands,  
Listaháskóli Íslands, Myntsafn Seðlabanka Íslands.

Verkefnið er styrkt af Rannsóknarsjóði Íslands.

© Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 2020  
ISBN 978-9935-434-17-3



*Þorvaldur Ólafsson*  
*Þorvaldur Ólafsson*



Vegghilla

